

Nefndasvið Alþingis
 Þórshamri v/Templarasund
 150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2005
 Tilv. 2005040098/0.2

Efni: Um 676. mál - áfengi til iðnaðarnota


Vísað er til bréfs hv. allsherjarnefndar Alþingis dags. 8. apríl 2005.

Áfengis- og tóbaksverslunin hefur ekki svo eftir sé munað selt áfengi til iðnaðarnota eftir að verslunin hætti innflutningi áfengis þ.m.t. hreins vínanda. Þess er heldur ekki minnst að neinn hafi leitað eftir slíkum viðskiptum. Sala þeirrar vöru hlýtur því að hafa verið í höndum annarra en ÁTVR undanfarinn áratug.

Skv. ákvæðum reglugerðar nr. 505/1998 um áfengisgjald eru undanþágur frá áfengisgjaldi til framleiðslu, sem kallar á einhvers konar umsjá með hráefnanotkun, helstar þær, sem lækna hafa, lyfsalar, framleiðendur sterkra drykkja og svo þeir sem vínanda nota til framleiðslu á óneysluhæfum vínanda til iðnaðar, efnarannsóknar o.s.frv. sbr. töluliði 6-8 í 9. gr. reglugerðarinnar.

Í þeim tilvikum sem verið er að höndla með gjaldfrjálst áfengi er brýnt að með því sé fylgst að því sé eigi ráðstafað til annarra nota en reglugerð um áfengisgjald segir til um. ÁTVR telur að gera þurfi grein fyrir hvernig núverandi eftirlitskerfi hefur virkað áður en farið er að lögfesta óbreytt ástand.

Virðingarfyllst,
 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins


 Höskuldur Jónsson
 forstjóri

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX: 560 7757

www.vinbud.is • atvr@atvr.is

Á

T

V

R

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1347
komudagur 18.4. 2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2005


Efni: Frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 676. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Tekið er undir sjónarmið þau sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um að engin rök séu til þess iðnfyrirtæki sem nota áfengi við framleiðslu sína geti ekki keypt það beint frá innflytjendum eða framleiðendum. Ekki verður séð að milliganga ÁTVR sé nauðsynleg í þessum efnum.

Frumvarpið felur í sjálfsagða réttarbót.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1460
komudagur 22.4.2005



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

20. apríl 2005

Efni: Frumvarp til áfengislaga, 676.mál, áfengi til iðnaðarnota og í atvinnu-
skyni

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu vísa til umsagnar sinnar um 241.mál, sala léttvíns og bjórs, og miða við samþykkt þess og þá að leyfisveitingar verði í þeim farvegi sem þar er tilgreindur. Skynsamlegri vinnubrögð sem frumvarpið felur í sér að því er varðar handhafa leyfa hljóta að teljast jákvæð þróun. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri